

BÍÓ ★ PARADÍS

Reykjavík, 3.10.2024

Njáll Trausti Friðbertsson,
Formaður fjárlaganefndar Alþingis,
Fjárlaganefnd
Alþingishúsinu
Kirkjustræti,
101 Reykjavík

Umsókn um stuðning við kvikmyndamenningarhúsið Bíó Paradís á árinu 2025

Heimili kvikmyndanna - Bíó Paradís ses. fer þess á leit við fjárlaganefnd að hún styrki starfsemi þess um **50 mkr.** á árinu 2025.

Bíó Paradís er eina kvikmyndamenningarhús landsins og er sjálfseignastofnun í eigu fagfélaga kvikmyndagerðarfólks. Markmið félagsins er að efla kvikmyndamenningu og bjóða upp á kvikmyndafræðslu á Íslandi.

Bíó Paradís tekur á móti 8.000 grunnskólanemum og 3.000 framhaldsskólanemum á ári í kvikmyndalæsiskenndu, sýnir allar nýjar íslenskar kvikmyndir og heimildamyndir, stendur fyrir reglubundnum sýningum á kvikmyndum íslensks kvikmyndaarfs í samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands, sýnir klassískar myndir og nýjar listrænar kvikmyndir, nýjustu kvikmyndirnar frá Norðurlöndunum og Póllandi og stendur fyrir fjöldanum öllum af dagskrárliðum, viðburðum og alþjóðlegum hátíðum í samstarfi við erlend sendiráð og stofnanir, allan ársins hring. Með þessu stuðlar Bíó Paradís að aðgengi að straumum og stefnum í kvikmyndagerð, eflir kvikmyndalæsi og stendur fyrir fræðslu í samstarfi við Oddnýju Sen kvikmyndafræðing sem hefur þróað kvikmyndalæsiskenndu í yfir 12 ár.

Bíó Paradís rekur fyrstu og einu kvikmyndahátíðina sérstaklega ætlaða börnum, Alþjóðlega Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík, sem er 11 ára í ár og endurvakti Kvikmyndahátíð í Reykjavík sem nú heitir Stockfish kvikmyndahátíð - hátíð kvikmyndagerðarfólks á Íslandi, stendur fyrir Franski kvikmyndahátíð, Þýskum kvikmyndadögum, sýningum í tengslum við Kvikmyndaaverðlaun Norðurlandaráðs, auk þess að bjóða upp á ótal marga smærri viðburði, m.a. í tengslum við grasrót kvikmyndagerðar á Íslandi.

Bíó Paradís stendur einnig fyrir kvikmyndaviðburðum fyrir landsbyggðina alla – og í ár býðst öllum leik- og grunnskólanemum að taka þátt í Alþjóðlegri Barnakvikmyndahátíð, þeim að kostnaðarlausu. Bæði munu nemendur og kennarar fá aðgang að völdum kvikmyndum á

Hverfisgata 54, 101 Reykjavík

www.bioparadis.is

Sími 412 7712

Heimili kvikmyndanna ses (Bíó Paradís) er sjálfseignarstofnun sem sett var á fót af samtökum kvikmyndagerðarmanna með það að markmiði að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu á Íslandi. Starfsemin og kvikmyndahúsið eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.

BÍÓ ★ PARADÍS

hátíðinni og kennsluefni tengt þeim, auk þess sem nemendum mun bjóðast að taka þátt í kvikmyndanámskeiði með öðrum skólum á Norðurlöndunum á meðan hátíð stendur en verkefnið er unnið í samstarfi við List fyrir alla.

Inngilding og aðgengi

Heimili kvikmyndanna hefur varið talsverðu af sínu takmarkaða rekstrarfé og mikilli orku í að gera húsið og starfsemina sem aðgengilegt sem fjölbreyttustum hópi fólks.

Meðal annars var ráðist í **að gera allt húsið aðgengilegt fólki í hjólastólum**, rampar voru lagðir í húsið, lyfta sett í sal 2 og 3, aðgengilegt salerni byggt og útbúin stæði fyrir hjólastóla í öllum sölum árið 2022. Þær framkvæmdir fóru nokkuð yfir áætlun og kláraðist að greiða fyrir í fyrra árið 2023.

Á þessu ári höfum við lokið við að leggja **tónmöskva í alla sali** svo fólk með heyrnartæki geti setið á ákveðnum stöðum í sölunum og fengið hljóðið beint í tækin. Bíó Paradís er fyrsta og eina kvikmyndahúsið á Íslandi með tónmöskva.

Við útbjuggum **sjónlýsingu á íslensku kvikmyndinni Snertingu** sem er nú aðgengileg í smáforriti í snjallsíma, notendum að kostnaðarlausu. Sjónlýsinguna er hægt að nýta í hvaða bíóhúsi sem er og einnig þegar myndin verður sýnd í sjónvarpi. Sjónlýsing gerir blindum og sjóndöprum kleift að horfa á kvikmyndir og sjónvarpsefni og er bylting í þjónustu við þennan hóp. **Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk kvikmynd er sýnd í almennum sýningum í kvikmyndahúsum með sjónlýsingu**, og í annað sinn sem Bíó Paradís útbýr sjónlýsingu á íslenska kvikmynd.

Allt starfsfólk Bíó Paradísar sat námskeið á vegum Alzheimer samtakanna á árinu 2023 um hvernig sé best að þjónusta einstaklinga með heilabilun og haldnar hafa verið **tvær kvikmyndasýningar fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra** í Bíó Paradís á árinu 2024. Sýningarnar eru skipulagðar með þarfir heilabílaðra einstaklinga í huga.

Sérsýningar fyrir skynsegin börn og fullorðna hafa verið haldnar reglulega í húsinu síðan 2022 í samstarfi við Einhverfusamtökin og fleiri samtök. Sýningarnar eru sérsniðnar að þörfum þeirra sem vegna skynúrvinnsluvanda eiga erfitt með að njóta hefðbundinna kvikmyndasýninga.

Bíó Paradís hefur frá haustinu 2022 boðið uppá **Miðvikudagsbíó**; dagssýningar á miðvikudögum sem henta fólki í iðjuþjálfun, dagssetrum, öldruðum, öryrkjum og einyrkjum til að rjúfa félagslega einangrun og auka virkni þessa hóps. Sýningarnar eru í samstarfi við Laugarásinn meðferðargeðdeild, Hlutverkasetur og Teymi Reykjavíkurborgar um alþjóðlega vernd.

Hverfisgata 54, 101 Reykjavík

www.bioparadis.is

Sími 412 7712

Heimili kvikmyndanna ses (Bíó Paradís) er sjálfseignarstofnun sem sett var á fót af samtökum kvikmyndagerðarmanna með það að markmiði að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu á Íslandi. Starfsemin og kvikmyndahúsið eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.

BÍÓ ★ PARADÍS

Fleiri verkefni eru í farvatninu og Heimili kvikmyndanna hefur leitað samstarfsaðila víða um heim til að fræðast um inngildingu í menningarstarfi, og er um þessar mundir að reka verkefnið INCLUCINE í samstarfið við Europa Cinemas og MEDIA áætlun Evrópusambandsins.

Viðbrögð þeirra sem láta sig aðgengismál varða hafa ekki látið á sér standa og hefur Bíó Paradís tekið við fjölda verðlauna fyrir að hugsa starfsemina og aðstöðu hússins út frá þörfum mismunandi hópa. Bíó Paradís fékk **hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands** í desember 2023 fyrir frumkvæði að aðgengi fyrir alla með sérstöku tilliti til ólíkra hópa. Í apríl 2024 fékk Bíó Paradís **Aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar** fyrir framlag sitt í aðgengismálum. Í ágúst 2024 fékk Bíó Paradís svo **aðgengisviðurkenninguna „Fjólublátt ljós við barinn“ frá ungliðahreyfingu Öryrkjabandalagsins** fyrir að stuðla að bættu aðgengi fatlaðs fólks að skemmtanalífi á Íslandi. Og þann 15. október hlýtur Bíó Paradís **Samfélagslampann frá Blindrafélaginu** fyrir brautryðjendastörf í sjónlýsingu kvikmynda á Íslandi og fyrir að vekja athygli á sjónlýsingum á kvikmynda- og sjónvarpsefni fyrir blinda og sjónskerta. [Nánar á vef Bíó Paradís:](#)

Reksturinn er stöðug jafnvægislist.

Þegar Heimili kvikmyndanna hóf starfsemi árið 2010 tók það við húsnæði á leigu í mikilli viðhaldsþörf og hefur þurft að byggja upp sína starfsemi, aðstöðu, tækjakost og tekjur félagsins frá grunni meðfram því að sníða húsið að þörfum félagsins. Núgildandi samningar við ríki og borg byggja á samkomulagi um rekstur félagsins sem var gert 2020.

Áskoranir félagsins eru þríþættar:

- **Húsnæðiskostnaður.** Nýr húsaleigusamningur við eigendur hússins var gerður samfara nýjum samningum við ríki og borg til 10 ára. Samið var um hækkun húsaleigu í þrepum sem náði hámarki 1. janúar 2023. Húsaleigan er vísitölutengd og hefur því hækkað talsvert á tímabilinu og sömuleiðis þurfti félagið að fjármagna og leggja til eiganda hækkun á leigutryggingu sem jafngildir jafnan þriggja mánaða leigu. Hefur því húsnæðiskostnaður **hækkað um 148% á tímabilinu, en upphaflegir samningar gera ráð fyrir 87% hækkun á leigu á tímabilinu.**
- **Viðhald og endurbætur húss sem þjónar fjölbreyttum hópum.** Heimili kvikmyndanna hefur lyft grettistaki við að **koma húsinu í ásættanlegt horf, gera það aðgengilegt fólki í hjólastólum og laga það að þörfum mismunandi hópa.** Það hafa verið kostnaðarsamar framkvæmdir sem félagið kláraði að greiða fyrir á síðasta ári. En betur má ef duga skal og enn eru mörg verk óunnin í frágangi á þessum framkvæmdum; setusvæði inn af anddyri hefur mætt afgangi og er komið á tíma, gólfíð í anddyri er mjög slitið og þyrfti að lakka, sæti sem tekin voru í gegn 2020 þarfnast viðhalds og það þarf að leggja lýsingu inn á salernum og inni í sölunum. Þar stendur til að bæta merkingar og aðgengi með tilliti til sjónskertra og heilabilaðra einstaklinga. Einnig má þess geta að tækjabúnaður bíósins þarfnast stöðugs viðhalds sem er mjög kostnaðarsamt og komið er að endurnýjun á hluta sýningarbúnaðar.

Hverfisgata 54, 101 Reykjavík

www.bioparadis.is

Sími 412 7712

Heimili kvikmyndanna ses (Bíó Paradís) er sjálfseignarstofnun sem sett var á fót af samtökum kvikmyndagerðarmanna með það að markmiði að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu á Íslandi. Starfsemin og kvikmyndahúsið eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.

BÍÓ ★ PARADÍS

- **Hækkun launakostnaðar og aðfanga.** Launakostnaður hefur hækkað umtalsvert á tímabilinu sem og kostnaður við helstu aðföng hússins, sem er kvikmyndaefni og tækniþjónusta. Inn í þetta spilar verðbólga og kjarasamningar en Heimili kvikmyndanna greiðir öll laun og réttindi starfsmanna samkvæmt kjarasamningum VR. **Launakostnaður félagsins hefur hækkað um 32% á tímabilinu og kostnaður við aðföng um 20%.**

Niðurstaða

Aðsókn í Bíó Paradís er sífellt að aukast ár frá ári og er starfsemi þess að langmestu leyti, eða **77%, fjármögnuð fyrir sjálfsaflafé.** Þrátt fyrir þrönga stöðu nær félagið sífellt að auka við fjölbreytni í úrvali á viðburðum og ná til fleira fólks. Það sem er þungt í rekstri félagsins eru endurbætur hússins og viðhald aðstöðunnar, svo húsið þjóni ungum sem öldruðum, fötluðum sem ófötluðum og margbreytilegum hópi sem best. Tekið skal fram að það eru ekki innlendir sjóðir sem hægt er að sækja fjármagn til, vegna úrbóta á aðgengi fjölbreyttra hópa til að búa til og viðhalda aðgengi t.a.m. fyrir hjólastólaaðgengi og/ eða annað aðgengi sem þarfnast tækjabúnaðar.

Þess vegna óskar stjórn Heimilis kvikmyndanna þess að fjárlaganefnd styðji við rekstur Bíó Paradísar árið 2025 um **50 mkr.** vegna kostnaðar við að bæta aðstöðu hússins.

Fjárframlag þetta myndi tryggja það að aðgengi allra og viðunandi aðstæður kvikmyndamenningarhússins Bíó Paradís sé tryggð. Húsið og starfsemi þess er hið eina sinnar tegundar á landinu og þjónar ótal hópum með ólíkar þarfir allt árið um kring.

Virðingarfyllst,



Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis kvikmyndanna ses.